

Mánudaginn 13. apríl 1987.

Nr. 117/1987.

Ólafur Hrólfsson

gegn

skiptaráðandunum í Reykjavík f.h.

protabús E. Thorsteinssonar h/f

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Synjað um endurupptöku á meðferð kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. f.m. er barst Hæstarétti 2. þ.m. Krefst hann þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir skiptaráðanda að endurupptaka meðferð kröfu sóknaraðila í þb. E. Thorsteinssonar h/f, þar sem sóknaraðila hafi ekki borist tilkynning skiptaráðandans um afstöðu hans til kröfu sóknaraðila og um skiptafund.

Tilkynning til sóknaraðila var send með þeim hætti sem mælt er fyrir í 3. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. mars 1987.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 23. febrúar 1987, gerir sóknaraðili þess, Ólafur Hrólfsson, nafnnr. 6765-1464, þær kröfur að meðferð kröfu hans í þrotabú E. Thorsteinsson hf., nafnnr. 6292-2303, verði endurupptekin og honum gefinn kostur á að skýra kröfu sína og rökstyðja og mótmælir þannig afstöðu skiptaráðanda um að krafa hans komist ekki að við skiptameðferð protabúsins, þar sem hún var ekki studd gögnum á sínum tíma og að afstaða skiptaráðanda í kröfuskra varðandi hana sé endanleg.

Af hálfu varnaraðila, protabús E. Thorsteinssonar hf. hefur ekki verið haldið uppi vörnum í máli þessu.

II.

Bú E. Thorsteinsson hf., nafn nr. 1645-2076, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum þann 6. desember 1985. Innköllun var gefin út og lauk kröfulýsingarfresti þann 20. febrúar 1986.

Þann 20. febrúar 1986 barst skiptaráðanda kröfulýsing sóknaraðila máls þessa og hljóðar hún þannig orðrétt.

„Greinargerð vegna uppgjors Ólafs Hrólfssonar 6765-1464 við útgáfufyrirtækið E. Thorsteinsson (sic) h.f. Síðast til heimilis að Ármúla 19, Reykjavík.

Samkvæmt samningi milli aðila annaðist (sic) ég undirritaður sölu auglýsinga í Ferðablaðið LAND. Greiðsla skyldi vera 15% af seldum auglýsingum. Ef um aðra vinnu yrði að ræða skyldi greiðsla fyrir hana vera í samræmi við meðaltekjur meðan á auglýsingasölu stæði. Sala hófst 10. marz og lauk 10. júní er ég fór á vegum fyrirtækisins til Rotterdam til þess að vera við prentun blaðsins. Eftir dvölinu í Hollandi sem stóð í 3 vikur var ég við ýmis störf hjá fyrirtækinu, svo sem könnun á möguleika þess að gefa út 2 önnur tímarit og annað sem til féll, þar til ég lauk störfum hjá fyrirtækinu 10. október 1985. Eftir því sem ég kemst næst var sala mín v, LANDs (sic) um kr. 2.800.000,- og tekjur þar af leiðandi um 420.000,- en uppgjör hef ég ekki fengið. Greiðslur voru ekki í neinu föstu formi heldur fóru þær eftir því hvort til var peningur hjá fyrirtækinu og einnig eftir fjárþörf minni. Einnig er eitthvað af reikningum á mig frá hinum ýmsu fyrirtækjum, ýmist greiddir eða (sic) ógreiddir. Ekki hefur enn verið samið um skiftingu (sic) kostnaðar á milli mín og fyrirtækisins.

Krafa mín er því sú að fyrir liggi uppgjör þannig að tölur sjáist og að ég geti (sic) farið yfir þá reikninga sem skrifaðir eru á mig.

Vegna annara (sic) starfa en sölustarfa geri ég kröfu um 16x35.000,- þ.e. 560.000,- og er það í samræmi við tekjur mína (sic) á sölutímabilinu.

Krafan er því 560.000,- + 420.000,- = 980.000,- að fráðregnum greiðslum og þeim reikningum sem mér ber að greiða og fyrirtækið hefur lagt út fyrir.

Einnig geri ég kröfu um eðlilegan vaxtaútreikning á þessum kröfum og kostnað vegna lögfræðiaðstoðar.

Reykjavík 19. febrúar 1986

Ólafur I. Hrólfsson (sign.)“

Framangreindri kröfulýsingu fylgdi ljósrit samnings sóknaraðila við E. Thorsteinsson hf. varðandi sölulaun, og er hann dagsettur 11. mars 1985, hann hljóðar þannig orðrétt:

„Undirritaðir gera með sér svofelldan samning.

Ólafur Hrólfsson, Skipasundi 6, Reykjavík tekur að sér að selja auglýsingar fyrir E. Thorsteinsson, Laugaveg 22, Reykjavík gegn 15% sölulaunum. Sölulaun greiðist að afloknu hverju verkefni en þó komi greiðslur fyrr eftir nánara samkomulagi aðila. Um er að ræða sölu auglýsinga í ferðablaðið LAND, Götukort, Íslandskort og annað sem til fellur hjá fyrirtækinu.

Verði um önnur störf að ræða á milli ofangreindra verkefna komi til greiðslur í samræmi við tekjur af auglýsingasölu. Kostnaður við söluferðir greiðist að hluta af fyrirtækinu á móti verktaka eftir nánara samkomulagi aðila.

Samkomulag staðfesta aðilar með undirskrift sinni:

Framan á kröfúlýsingu sóknaraðila er handskrifað: „Nánari útreikningur verður sendur yður mánudaginn 24/2 '86. Ólafur“

Gögn þau sem þar er vísað til bárust aldrei.

Í kröfuskrá, sem skiptaráðandi gerði yfir lýstar kröfur í þrotabúið, var þeirri afstöðu lýst að kröfum sóknaraðila væri hafnað að svo stöddu vegna vanreifunar. Var honum send kröfuskraín í ábyrgðar- og hraðpósti þann 11. mars 1986. Í henni kom fram hvenær fundur yrði haldinn til umfjöllunar um kröfuskrána, ennfremur að ef engin andmæli kæmu fram við afstöðu skiptaráðanda í kröfuskránni, í síðasta lagi á þeim fundi, myndi hún með vísan til 110. gr. laga nr. 6/1978 teljast endanlega samþykkt. Kom einnig fram í kröfuskránni að þessi háttur væri hafður á varðandi tilkynningu til kröfuhafa í samræmi við ákvæði 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978. Tilkynning þessi var send á Skipasund 6, Reykjavík, en heimilisfang aðilans var ekki tilgreint í kröfúlýsingu hans, heldur kom einungis fram á viðfestum samningi hans við E. Thorsteinsson hf. Sóknaraðili sótti ekki bréf þetta og var það því endursent skiptaráðanda nokkrum dögum síðar. Skiptaráðandi ákvað þá að senda Valgeir Kristinssyni hrl. bréfið í ábyrgðar- og hraðpósti, og var það sent þann 17. mars 1986. Ástæða þess að honum var sent bréfið var sú að hann hafði haft samband við skiptaráðanda símleiðis þann dag sem kröfúlýsingarfrestur rann út og fengið sérstakt leyfi frá skiptaráðanda til að sóknaraðili fengi að koma með kröfuna eftir að skrifstofutíma embættisins lauk.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var þann 19. mars 1986 til umfjöllunar um kröfuskrána, mætti enginn kröfuhafa og var kröfuskraín, sem legið hafði frammi lögmæltan tíma, endanlega samþykkt á þeim fundi með vísan til 110. gr. laga nr. 6/1978.

Nokkru síðar hafði sóknaraðili samband við skiptaráðanda og kvaðst hafa frétt af afstöðu skiptaráðanda of seint. Honum var þá tjáð að krafa hans kæmist ekki að við skiptameðferðina og jafnframt leiðbeint um að ef hann vildi halda kröfu sinni til streitu skyldi hann leita aðstoðar lögfræðings.

Með bréfi dagsettu 17. nóvember 1986 barst skiptaráðanda bréf Páls A. Pálssonar hrl. þar sem hann mótmælir málsmeðferð skiptaráðanda á kröfu sóknaraðila og krefst þess að meðferð kröfu sóknaraðila verði endurupptekin og honum gefinn kostur á að skýra kröfu sína og rökstyðja.

Með bréfi skiptaráðanda til Páls Arnórs Pálssonar hrl. dagsettu 10. desember 1986 var því alfarið vísað á bug að meðferð kröfu sóknaraðila hafi verið óréttmæt á nokkurn hátt.

Með bréfi Páls Arnórs Pálssonar hrl. dagsettu þann 27. janúar 1987 gerir hann þá kröfu að boðað verði til þinghalds þar sem sóknaraðili fái tækifæri til að gera grein fyrir kröfu sinni í búið, og verði því synjað, krefjast hann rökstudds úrskurðar þar um.

Með bréfi skiptaráðanda dagsettu þann 2. febrúar 1987 til Páls A. Pálssonar hrl. hafnaði skiptaráðandi því að haldið yrði sérstakt þinghald til að sóknaraðili gæti gert grein fyrir kröfu sinni og jafnframt tekið fram að yrði hann ekki sáttur við þá niðurstöðu gæti hann krafist þess að það yrði úrskurðað sérstaklega. Var málefni þetta síðan borið upp á skiptafundi sem haldinn var í þrotabúinu þann 16. febrúar 1987 og létu aðrir kröfuhafar ágreining þennan ekki til sín taka. Var síðan ákveðinn rekstur þessa sérstaka skiptaréttarmáls og var það þingfest þann 23. febrúar 1987.

III.

Í greinargerð sóknaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi enga tilkynningu fengið um skiptafund fyrr en eftir að skiptafundur var haldinn þann 19. mars 1986. Hafi hann þá fengið þær upplýsingar frá Valgeiri Kristinssyni hrl. að hann hafi fengið bréf frá skiptarétti, þar sem boðað var til fundarins. Hafi Valgeir fengið bréfið eftir að fundurinn átti að vera og að hann hafi ekkert vitað meira um þetta mál, enda hafi hann ekkert með það að gera. Hafi sóknaraðili þá haft samband við skiptaráðanda sem hafi tjáð honum að hann hefði enga möguleika til að koma að sjónarmiðum sínum þar sem skiptafundurinn væri afstaðinn og engin mótmæli hefði komið fram á honum gegn afstöðu skiptaráðanda. Hafi sóknaraðili því látið málið kyrrt liggja þar til hann heyrði af starfsmönnum Félagsmálaráðuneytisins, að þetta gæti ekki verið rétt málsmeðferð.

Sóknaraðili telur að ljóst sé að skiptaráðandi hafi alls ekki gætt þess að réttur hans væri tryggður og að ekki hafi verið farið eftir 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 varðandi tilkynningu á höfnun kröfu. Þar sé skýrt tekið fram að tilkynna skuli þeim sem kröfu lýsir með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara um höfnun kröfu og geta þess hvenær skiptafundur verði haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar. Þetta hafi ekki verið gert. Hvorki hafi verið hæfilegur fyrirvari settur, né hafi bréfið verið sent til sóknaraðila sjálfs eins og lagagreinin bjóði. Hljóti því

að vera skýlaus réttur sóknaraðila að fá málið endurupptekið hvað varði kröfu hans og fá möguleika til þess að gera grein fyrir kröfunni. Leita þurfi skýringa framkvæmdastjóra hins gjaldþrota félags, en hann hafi gefið skýrslu í skiptarétti áður en kröfu sóknaraðila var lýst í þrotabúið.

IV.

Sem fyrr greinir er ekki haldið uppi vörnum í máli þessu af hálfu varnaraðila og ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að fella úrskurð á málskröfur sóknaraðila samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Ágreiningur í þessu máli er um það hvort tilkynning skiptaráðanda til sóknaraðila máls þessa hafi verið tilhlýðileg eða ekki. 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 hljóðar svo:

„Ef sá sem með búið fer, telur að ekki skuli viðurkenna kröfu að fullu, eins og henni er lýst, skal hann tilkynna það þeim sem kröfunni lýsti, með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt með hæfilegum fyrirvara og geta þess hvenær skiptafundur verður haldinn til að taka afstöðu til kröfunnar.“

Með ábyrgðarbréfi, sem sent var til sóknaraðila þann 11. mars 1986, var honum send kröfuskrá og kom þar fram hver afstaða skiptaráðanda var til kröfunnar auk þess sem tilkynnt var um það hvenær fundur yrði haldinn til umfjöllunar um kröfuskrána.

Í sjálfri kröfulýsingu sóknaraðila var ekkert getið um heimilisfang hans. Í samningi viðfestum kröfulýsingunni kom fram heimilisfangið Skipasund 6, Reykjavík. Ennfremur hafði skiptaráðandi upplýsingar um að heimilisfang hans væri Skipasund 6, Reykjavík, vegna þess að hjá embætti skiptaráðanda lá beiðni um að bú sóknaraðila máls þessa yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Barst sú beiðni til skiptaráðanda þann 26. september 1985. Var kveðinn upp úrskurður um gjaldþrotaskipti á búi hans þann 20. maí 1986. Í tilefni af því máli var sóknaraðila stefnt og hann boðaður bréflega, hvortveggja að Skipasundi 6, Reykjavík. Bæði skiptastefnan og bréfið komust sannanlega til sóknaraðila á því heimilisfangi. Auk þessa var sóknaraðili skráður með lögheimili þar í íbúaskrá 1. desember 1985, sem gefin var út af Hagstofu Íslands í apríl 1986.

Sóknaraðili máls þessa hafði sjálfur bókhaldsgögn hins gjaldþrota félags undir höndum og afhenti skiptaráðanda það sjálfur vorið 1986. Hann átti því að vera ágætlega í stakk búinn til að rökstyðja kröfu sína og styðja hana gögnum. Honum var það kunnugt þegar hann lagði kröfulýsingu sína fram að hún var ekki nægjanlega reifuð, sbr. áritun hans sjálfs um að gögn kæmu síðar.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er því alfarið vísað á bug að ekki hafi verið fullnægt skilyrðum 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 varðandi tilkynningu til kröfuhafa. Var tilkynning skiptaráðanda í fullu samræmi við það sem áður nefnd lagagrein býður og var fyrirvarinn hæfilegur. Er niðurstaða máls þessa því sú að kröfu sóknaraðila er hafnað.

Gréta Baldursdóttir fulltrúi yfirborgarfógeta kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila um að meðferð kröfu hans í þrotabú E. Thorsteinsson hf. verði endurupptekin og honum gefinn kostur á að skýra hana og rökstyðja er hafnað.

Mánudaginn 13. apríl 1987.

Nr. 58/1986. **Herbert Ólason**

(Gunnar Sólnes hrl.)

gegn

Kolbrúnu Baldvinsdóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Hjónaskilnaður. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og þess að felld verði niður kyrrsetning, sem fram fór 8. desember 1984 í tilgreindum eignum hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að vextir verði 39% ársvextir frá 1. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 48% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1985, 45% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1986, 33%